



1199. stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 11. febrúar 2020, kl. 17:30 Krossmóum 4a, Reykjanesbæ.

Mætt voru: Ragnar Þór Ingólfsson, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Arnþór Sigurðsson, Dóra Magnúsdóttir, Friðrik Boði Ólafsson, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Selma Árnadóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Anna Þóra Ísfold, Sigmundur Halldórsson, Þorvarður Bergmann Kjartansson, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson forstöðumaður sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð 1198. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar.

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1198. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Samþykkt á milli funda. Yfirlýsing vegna baráttu Eflingar stéttarfélags

Ragnar Þór sagði frá samþykkt milli funda sbr. tölvupóst hans dags. 28. janúar 2020 til stjórnar VR þar sem óskað var eftir samþykki stjórnar fyrir baráttukveðju frá VR til Eflingar stéttarfélags vegna kjarabaráttu þeirra. 12 stjórnarmenn veittu samþykki með svarpósti, enginn á móti. Yfirlýsing sem samþykkt var og send út á vef VR var eftirfarandi:

VR styður baráttu Eflingar

Nú þegar stefnir í að Efling stéttarfélag fari með hluta félagsmanna sinna, sem starfa hjá Reykjavíkurborg, í verkföll vill VR að það komi fram að félagið styður og stendur við bak Eflingar stéttarfélags í þessari baráttu. Lykilatriðið í kröfum Eflingar er leiðrétting á kjörum lægst launuðu starfsmanna borgarinnar sem nú eru á launum sem duga ekki til framfærslu. Að geta lifað með mannlegri reisu af launum sínum hlýtur að vera grundvallar mannréttindar og baráttumál verkalyðshreyfingarinnar. VR tekur því heilshugar undir með öllu því baráttufólki innan Eflingar sem sett hefur þetta réttlætismál á oddinn í þeim kjaraviðræðum og óskar þeim farsællar niðurstöðu.

Stjórn VR



3. Kjaramál – staðan

Ragnar Þór sagðist hafa fylgst með því sem er að gerast í málum hjá BSRB en þar er verið að fara að kjósa um aðgerðir. Vonandi mun ganga vel hjá þeim og svo eiga líka kennarar eftir að koma inn.

Efling hefur þegar hafið verkföll eins og kunnugt er en hann á von á því að það verði mjög snúið og gætu verkföll staðið í nokkrar vikur ef því er að skipta því þar er fólk ekki að ná saman. Alls óvíst er hvað þeirra kröfur og niðurstaða hefur á okkar samning. Það er allt önnur staða að vera að semja við fyrirtæki heldur en hið opinbera. Hjá okkur þurftum við svo líka að eiga við WOW gjaldþrotið á sama tíma sem setti strik í reikninginn. Það er líka mikið undir hjá okkur að ná okkar markmiðum með ríkinu eins og t.d. er varðar húsnæðismálin en hann sjálfur hafi mestar áhyggjur af verðlagsmálum.

Hjá ÍSAL er kjarasamningurinn klár og samþykktur af öllum aðilum nema hjá höfuðstöðvum Rio Tinto en þar er neitað að skrifa undir að svo komnu máli en fundur er boðaður á morgun. Sýnist honum sem eigi að nota þessar kjaradeilur sem þrýsting á betri samning við Landsvirkjun. Þetta sé fordæmalaus staða en möguleiki á verkföllum verður skoðaður á næstu dögum.

Norðurálssamningurinn er líka í vinnslu um þessar mundir og líka hjá Elkem. Aðallega er þar rætt um breytt vaktafyrirkomulag og styttingu vinnutímans en það er eldfimt mál.

Umræður.

Á vettvangi ASÍ er verið að leggja lokahönd á úrræði um fyrstu kaupa lán með stjórnvöldum. Komin eru drög að frumvarpi um leiguvernd og vonast er til að hægt sé að koma því gegnum þingið þannig að þau taki gildi um mitt árið.

Samninganefnd ASÍ í lífeyrismálum er svo að vinna að tillögum um að sjóðsfélagar geti nýtt sérgreinda eign til íbúðarkaupna eins og hægt hefur verið að nota séreignarsparnaðinn.

Umræður.

4. Breytingar á reglum um lán vegna gjaldþrota

Ragnar Þór lagði fram skjölin „Reglur um lánveitingar VR til félagsmanna við gjaldþrot fyrirtækja“ dags. 6. febrúar 2020 og „Yfirlýsing um framsal á launum vegna greiðslu vegna fyrirtækis“. Hann sagði frá því að upp hafi komið sérstakt mál tengt lánnum til fyrrum starfsmanna WOW vegna gjaldþrots þess félags. Þar hafi þurft að vinna lánareglur í miklum flýti þannig að varð brotalöm á en vextir á endurgreiðslulánnum voru hærri en reiknað hafði verið með. Það sé alveg ljóst að það var aldrei markmið VR að hagnast á þessum lánnum en þetta hafi valdið særindum og töldum við ekki annað hægt

en láta vaxtagreiðslurnar renna til fólksins. Sem sagt misskilningur sem var leiðréttur en við hreinlega reiknuðum ekki með því að þetta gæti gerst og þjuggumst í raun miklu frekar við því að þurfa að taka á okkur tap vegna þessara lána. Því er nú lagt til breyting á reglum sem áður höfðu verið gerðar um slíkar lánveitingar. Breytingar taka til 4. gr. og 5.gr. reglnanna þannig (breytingar í **rauðu**):

4.gr ...

- Ekki er veitt lán til einstaklinga ef vafi leikur á því að Ábyrgðasjóður launa komi til með að greiða útistandandi laun s.s. tengsl starfsmanns við forsvarsmann, fjármálastjóri gjaldþrota fyrirtækis, framkv.stjóri gjaldþrota fyrirtækis svo dæmi sé tekið.
- Í hverju tilfelli fyrir sig ber forstöðumaður kjaramálasviðs fyrirspurn um lánveitingu undir forstöðumann fjármála- og rekstrarsviðs. Heimild til lánveitinga þarf samþykki beggja aðila.
- Hámarks lánveiting til hvers félagsmanns er það hámark sem Ábyrgðasjóður launa greiðir fyrir einn mánuð.
- Liggja þarf fyrir undirritað skjal af félagsmanni um framsal á kröfu frá Ábyrgðasjóði launa til VR. Skjalið þarf að vera vottað af tveimur vottum.
- ~~Félagsmaður greiðir vexti af láninu sem eru þeir sömu og félagsmaður fær greidda frá Ábyrgðasjóði launa.~~

5.gr Endurgreiðsla til VR

Um er að ræða framsal á kröfu frá Ábyrgðasjóði launa og skal greiðsla vegna þess berast til VR. Ef VR fær greidda hærrí fjárhæð en sem nemur skuld félagsmanns endurgreiðir VR félagsmanninum mismuninn. **Ef félagsmaður fær veitt herra lán en sem nemur þá upphæð sem Ábyrgðasjóður launa greiðir, skal félagsmaður endurgreiða VR mismuninn.**

Yfirlýsing um framsal á launum sem lántaki þarf að undirrita er svo einnig breytt til samræmis við þessar breytingar.

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ragnar Þór upp þessar breytingatillögur til samþykktar.

Samþykkt samhljóða.



5. Öldungadeild VR, starfsreglur

Ragnar Þór lagði fram skjalið „*Starfsreglur og hlutverk Öldungadeildar VR*“ dags. janúar 2020. Undanfarið hefur hópur áhugasamra félagsmanna unnið að því að blása lífi í málefni eldri félagsmanna þannig að grasrótin sé virkjuð. Þetta sé á svipuðum nótum og við höfum rætt um að gera með unga fólkið í VR. Formaður myndi sitja alla fundi hjá s.k. Öldungaráði sem væri stjórnunarhópur Öldungadeildarinnar en þar ættu rétt til setu allir 65 ára og eldri sem greitt hafa til VR á starfsævvinni.

Umræður.

Starfsreglur og hlutverk öldungadeildar sem lagt er til að verði samþykktar eru eftirfarandi:

Starfsreglur og hlutverk Öldungadeildar VR

1.gr.

Öldungadeild VR er baráttuhópur fyrir réttindum aldraðra auk þess að vera umræðu- og samráðsvettvangur allra þeirra sem einhverntíma hafa greitt iðgjöld til VR og eru 65 ára og eldri.

Hlutverk þeirra er að móta og endurskoða stefnu félagsins hverju sinni í málefnum eldri félagsmanna.

2.gr.

Öldungadeild VR leitar samvinnu við önnur stéttarfélög og hagsmunasamtök eldri borgara sem berjast fyrir réttindum launafólks og eldri borgara gagnvart atvinnurekendum, lífeyrissjóðum og ríkisvaldi.

3.gr.

Öldungadeild VR skal funda að jafnaði fjórum sinnum á ári. Slíkir fundir geta verið jafnt með hefðbundnum hætti eða sem fjöldafundur almennra borgara, mótmælafundur, ráðstefna um málefni aldraðra, og/eða í samvinnu við önnur félög og samtök.

4.gr.

Öldungadeild VR ályktar um þau málefni og baráttumál sem það fjallar um og kemur slíkum ályktunum á framfæri í fjölmiðlum og á vettvangi félagsins.

5.gr.



Forystusveit Öldungadeildar VR - Öldungaráð VR – skal skipað 6 eldri félagsmönnum með jöfnum kynjahlutföllum sem skipta sjálf með sér verkum. Í Öldungaráð VR er skipað annað hvert ár þar sem 3 eru tilnefndir af stjórn VR á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund VR og að því loknu eru 3 kosnir af Öldungadeild VR allir 6 til tveggja ára. Að auki situr formaður VR jafnan í Öldungaráði VR með fullan atkvæðarétt.

6.gr.

Öldungaráð VR fundar annan hvern mánuð eða oftari ef þurfa þykir. Ráðsmenn koma áfram hugmyndum Öldungadeildar VR til stjórnar félagsins til nánari ákvörðunar og framkvæmdar.

I. Ákvæði til bráðabirgða

6 manna Öldungaráð VR er í fyrsta skipti skipað af stjórn VR til eins árs fram að Aðalfundi VR 2021 en eftir það er skipað samkvæmt 4. gr.

Samþykkt af stjórn VR á stjórnarfundum 1199. þann 12. febrúar 2020

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ragnar Þór upp til samþykktar ofangreindar starfsreglur og hlutverk Öldungaráðs VR.

Samþykkt samhljóða.

6. Tillögur fyrir aðalfund VR 25. mars 2020

Stefán lagði fram skjalið „Tillögur fyrir aðalfund VR 2020“ dags. 2. febrúar 2020 en tillögurnar eru eftirfarandi:

Fundurinn verður haldinn á Hótel Hilton þriðjudaginn 25. mars 2020 kl. 19:30

Fundarstjóri:

Guðmundur B. Ólafsson

Fundarritari:

Árni Leósson

Tillaga um framlag í VR varasjóð:

Kemur þegar ársreikningur liggur fyrir.



Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarstofu:

Tillaga að KPMG sjái um endurskoðun VR fyrir reiknisárið 2020

Kosning á skoðunarmönnum:

Tillaga um Jóhönnu S. Rúnarsdóttur og Guðrún Björg Gunnarsdóttir sem skoðunarmenn VR. sbr. 27. gr. laga VR.

Tillaga um félagsgjald:

Tillaga um að félagsgjald verði óbreytt, 0,7% af launum og lágmarksgjald til að njóta fullra félagsréttinda skuli þó eigi vera lægra en sem svarar 30% af byrjunarlaunum 20 ára afgreiðslufólks frá og með sama tíma. Félagsgjaldið skiptist þannig að 0,63% rennur í félagssjóð VR og 0,07% renni í Vinnudeilusjóð VR.

Tillaga um stjórnarlaun:

Tillaga frá launanefnd.

Tillaga um lagabreytingar:

Sjá tillögur frá laganefnd

Tillögur um breytingar á reglugerð sjúkrasjóðs VR

Tillaga vegna breytinga á lögum ökutækjatrýggingar.

Varðandi tillögu frá launanefnd um stjórnarlaun kom fram hjá Stefáni að nefndin gerði tillögu um hækkun í samræmi við hækkun launavísitölu VR en það er það fyrirkomulag sem samþykkt var að viðhafa við hækkun stjórnarlauna á aðalfundi VR í mars 2016. Því sé nú lagt til að stjórnarlaunin verði kr. 52.427 kr. sem er 2,35% hækkun.

Tillögur frá laganefnd um breytingu á Reglugerð Sjúkrasjóðs VR verða teknar fyrir í sérstökum dagskrárliðum hér á eftir.

Umræður.

Í umræðum var samþykkt að beina því til launanefndar að skoða nefndarálagsgreiðslur stjórnarmanna.

Að loknum umræðum bar Ragnar Þór upp til samþykktar ofangreindar tillögur fyrir aðalfund 2020 þan 25. mars nk.

Samþykkt samhljóða.

7. Tillögur að lagabreytingum

Sigmundur, formaður Laganefndar VR, lagði fram skjölin „*Tillögur Laganefndar VR að lagabreytingum á aðalfundi VR 2020*“ og „*VR sem landsfélag, hugmyndir frá Laganefnd VR til kynningar*“. Laganefnd leggur til þrjár breytingar á lögum félagsins og eru þær eftirfarandi:

Tillaga nr. 1

3. gr. Félagsaðild (núverandi hljóðan)

Félagið er opið öllu.....

Sjálfstætt starfandi á vinnumarkaði geta orðið félagsmenn með takmörkuðum réttindum skv. reglum einstakra sjóða auk þess sem þeir njóta ekki kjörgengis í félaginu.

Sjálfstætt starfandi telst sá sem ber að áætla sér reiknað endurgjald samkvæmt ákvörðun skattayfirvalda, auk þeirra sem skráðir eru sem launamenn hjá eigin fyrirtæki, enda hafa þeir þannig ráðandi stöðu vegna eignar- eða stjórnunaraðildar. Þar sem sjálfstætt starfandi, og/eða fjölskyldumeðlimur rekstraraðila, teljast hafa ráðandi stöðu skulu iðgjöld þeirra ávallt vera greidd og í skilum ef sækja á þjónustu til VR eða réttindi í sjóðum félagsins.

Verði (breytingar með **rauðu letri**):

3. gr. Félagsaðild

Félagið er opið öllu.....

Sjálfstætt starfandi á vinnumarkaði geta orðið félagsmenn með takmörkuðum réttindum skv. reglum einstakra sjóða auk þess sem þeir njóta ekki kjörgengis í félaginu. **Sjálfstætt starfandi og/eða eigendur fyrirtækja eiga ekki rétt á að greiða atkvæði um kjarasamninga eða verkföll.**

Sjálfstætt starfandi telst sá sem ber að áætla sér reiknað endurgjald samkvæmt ákvörðun skattayfirvalda, auk þeirra sem skráðir eru sem launamenn hjá eigin fyrirtæki, enda hafa þeir þannig ráðandi stöðu vegna eignar- eða stjórnunaraðildar. Þar sem eru sjálfstætt starfandi, og/eða fjölskyldumeðlimur rekstraraðila, teljast hafa ráðandi stöðu og skulu iðgjöld þeirra ávallt vera greidd og í skilum ef sækja á þjónustu til VR eða réttindi í sjóðum félagsins.

Tillaga nr. 2

11. gr. Hæfi stjórnarmanna

Stjórnarmenn skv. 10 gr. og ef við á, stjórnarmenn sjóða skv. 3. mgr. 26. gr. skulu vera fjár síns ráðandi og mega ekki á sl. 5 árum hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað. Stjórnarmenn mega ekki eiga meira en 5% hlut í fyrirtæki sem er í atvinnurekstri á starfssviði félagsins og mega ekki vera starfandi sem framkvæmdastjórar fyrirtækis, stofnunar eða félags þar sem réttarstaða framkvæmdastjóra rekstrar telst sú sama og sem hann væri sjálfur atvinnurekandi. Stjórnarmenn sem missa hæfi skv. framansögðu á kjörtímabili sínu víkja sjálfkrafa og tafarlaust úr stjórn og taka varamenn þeirra sæti í þeirra stað þar til hæfisskilyrðum er fullnægt að nýju. Frambjóðendur til stjórnar VR skulu og uppfylla ofangreind skilyrði við lok framboðsfrests sbr. gr. 20.3.

Sé ágreiningur um hæfi skal kjörstjórn úrskurða um það.

Við meðferð einstakra mála skal stjórnarmaður víkja sæti ef hann hefur hagsmuna að gæta sem kunna að fara í bága við hagsmuni félagsins.

Missi stjórnarmaður kjörgengi sitt á kjörtímabili skal hann tafarlaust víkja úr stjórn VR. Sama regla gildir um aðra kjörna fulltrúa í stjórnnum og ráðum félagsins.

Verði (breytingar í **rauðu** letri):

11. gr. Hæfi stjórnarmanna

Stjórnarmenn skv. 10 gr. og ef við á, stjórnarmenn sjóða skv. 3. mgr. 26. gr. **skulu starfa á starfssviði VR**, skulu vera fjár síns ráðandi, og mega ekki á sl. 5 árum hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað. Stjórnarmenn mega ekki eiga meira en 5% hlut í fyrirtæki sem er í atvinnurekstri á starfssviði félagsins og mega ekki vera starfandi sem framkvæmdastjórar fyrirtækis, stofnunar eða félags þar sem réttarstaða framkvæmdastjóra rekstrar telst sú sama og sem hann væri sjálfur atvinnurekandi. Stjórnarmenn sem missa hæfi skv. framansögðu á kjörtímabili sínu víkja sjálfkrafa og tafarlaust úr stjórn og taka varamenn þeirra sæti í þeirra stað þar til hæfisskilyrðum er fullnægt að nýju.

Frambjóðendur til stjórnar VR skulu og uppfylla ofangreind skilyrði við lok framboðsfrests sbr. gr. 20.3.

Sé ágreiningur um hæfi skal kjörstjórn úrskurða um það.

Við meðferð einstakra mála skal stjórnarmaður víkja sæti ef hann hefur hagsmuna að gæta sem kunna að fara í bága við hagsmuni félagsins.

Missi stjórnarmaður kjörgengi sitt á kjörtímabili skal hann tafarlaust víkja úr stjórn VR. Sama regla gildir um aðra kjörna fulltrúa í stjórnnum og ráðum félagsins.

Tillaga nr. 3

25. gr. Félagsfundir (núverandi hljóðan):

Félagið heldur fundi svo oft sem þurfa þykir. Þó skal stjórninni skylt að boða til fundar, þegar eigi færri en 1% félagsmanna krefjast þess skriflega og skal fundurinn haldinn innan 7 daga frá því að stjórninni barst krafan í hendur. Fundur telst lögmætur, sé hann boðaður með auglýsingum í útvarpi, dagblöðum og vefmiðlum VR eða á annan sannanlegan hátt með minnst tveggja daga fyrirvara.

Heimilt er að boða fund með skemmri fyrirvara vegna sérstakra ástæðna, svo sem samningagerðar eða annars samkvæmt mati stjórnarinnar. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum nema þar sem lög þessi ákveða annað. Gjörðabók skal haldin og í hana ritað ágríp af því sem fram fer á fundum félagsins.

Lögmætir félagsfundir hafa æðsta vald í öllum málefnum félagsins milli aðalfunda innan þeirra takmarka, sem löggin setja.

Verði (breytingar í **rauðu** letri):

25. gr. Félagsfundir

Félagið heldur fundi svo oft sem þurfa þykir. Þó skal stjórninni skylt að boða til fundar, þegar eigi færri en 1% félagsmanna krefjast þess skriflega og skal fundurinn haldinn innan 7 daga frá því að stjórninni barst krafan í hendur. Fundur telst lögmætur, sé hann boðaður með auglýsingum í útvarpi, dagblöðum og vefmiðlum VR eða á annan sannanlegan hátt með minnst tveggja daga fyrirvara. **Mál, sem ekki hafa verið greind í auglýstri dagskrá félagsfundar er ekki hægt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum en gera má ályktun til leiðbeiningar fyrir stjórn félagsins.**

Heimilt er **stjórn** að boða fund með skemmri fyrirvara vegna sérstakra ástæðna, svo sem samningagerðar eða annars samkvæmt mati stjórnarinnar. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum nema þar sem lög þessi ákveða annað. Gjörðabók skal haldin og í hana ritað ágríp af því sem fram fer á fundum félagsins.

Lögmætir félagsfundir hafa æðsta vald í öllum málefnum félagsins milli aðalfunda innan þeirra takmarka, sem löggin setja **og hér að ofan greinir.**

Umræður.



Að loknum umræðum bar Ragnar Þór upp til atkvæða hverja breytingartillögu fyrir sig.

Tillaga nr. 1 : samþykkt samhljóða

Tillaga nr. 2 : samþykkt samhljóða

Tillaga nr. 3 : samþykkt samhljóða

Sigmundur fór nú yfir þær hugmyndir að VR sem landsfélagi sem Laganefnd VR vildi kynna fyrir stjórn VR. Í grunninn eru það eftirfarandi 3 hugmyndir:

1. Aukinn fjöldi stjórnarmanna – formenn 4 landsvæðadeilda komi inn í stjórn.

2. Nýtt fyrirkomulag – stór aðalstjórn og lítil framkvæmdastjórn – stjórnir landssvæðadeilda komi inn í aðalstjórn.

3. Óbreyttur fjöldi stjórnarmanna – formenn 4 landssvæðadeila komi inn í stjórn

Meðfylgjandi þessum hugmyndum kom fram hvernig þyrfti að breyta lögum VR samkvæmt hverri hugmynd. Hér lagt fram til kynningar og hvatti Sigmundur stjórn til þess að skoða þetta vel og kynna sér.

Umræður.

8. Tillögur að breytingum á Reglugerð Sjúkrasjóðs VR

Ragnar Þór lagði fram skjalið „*Tvær tillögur að breytingum á Reglugerð Sjúkrasjóðs VR fyrir aðalfund 2020*“ þar sem reglugerðinni verður ekki breytt nema á aðalfundi. Gerðar eru tillögur samhljóða þeim breytingum sem áður voru samþykktar í stjórn VR á Starfsreglum Sjúkrasjóðs VR á stjórnarfundi nr. 1198 þann 8. janúar 2020. Var það gert sem viðbragð við breytingum á lögum um ökutækjatrýggingar en þann 1. janúar 2020 tóku í gildi ný lög nr. 30/2019. Í 2. mgr 11. gr. þeirra laga kemur fram að ökutæki sem eingöngu eru ætluð til aksturs utan vega eða í brautum og skráð eru sem torfærutæki eru undanþegin váttryggingaskyldu. Um er að ræða mótórhjól, fjórhjól, sexhjól, vélsleða og jafnvel einhver fleiri tæki.

Um er að ræða breytingu þar sem áður var skylt að tryggja ökumann á slíkum tækjum. Þar sem slík breyting getur haft áhrif á greiðslur úr Sjúkrasjóði VR þar sem tekið er fram að sjúkradagpeningar og slysabætur greiðast ekki vegna skaðabótaskyldra slysa af völdum vélknúinna ökutækja þar sem er lögbundin trygging var brugðist við með viðeigandi breytingum á Starfsreglum sjóðsins sem nú fá einnig beina vísun í Reglugerð sjóðsins með þessum samhljóða breytingum.



Tillögurnar eru eftirfarandi og eru breytingar í **rauðu lettri**:

Tillaga nr. 1

10. gr. Sjúkra- og slysadagpeningar

.....

Slysadagpeningar skv. grein þessari greiðast ekki vegna skaðabótaskyldra slysa og atvinnusjúkdóma, þ.m.t. slysa af völdum vélknúinna ökutækja. **Gildir það einnig um slys af völdum þeirra vélknúnu ökutækja sem undanþegin eru váttryggingarskyldu.**

Tillaga nr. 2

12. gr. Slysabætur

.....

Slysabætur greiðast ekki vegna skaðabótaskyldra slysa og atvinnusjúkdóma, þ.m.t. slysa af völdum vélknúinna ökutækja. **Gildir það einnig um slys af völdum þeirra vélknúnu ökutækja sem undanþegin eru váttryggingarskyldu.**

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ragnar Þór upp ofangreindar tillögur til atkvæða.

Samþykkt samhljóða.

9. 130 ára afmæli VR 27. janúar 2021

Árni lagði fram skjalið „*Minnisblað til stjórnar – 130 ára afmæli VR 2021*“ dags. 31.01 2020. Tilefni þess er að þann 27. janúar 2021 verður VR 130 ára. Því höfum við eitt ár til stefnu til þess að ákveða hvað við myndum vilja gera í tilefni þessa stórafmælis félagsins. Í minnisblaðinu kom fram stutt samantekt á því hvað gert hefur verið á stórafmælum félagsins frá 70 ára afmælinu 1961 til 120 ára afmælisins árið 2011.

Stungið er uppá nokkrum hugmyndum til umhugsunar en stjórnarmenn eru hvattir til þess að hugsa málið og koma með hugmyndir og útfærslur sem við ræðum síðar.

Umræður.



10. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, staða VR

Stefán lagði fram skjalið „*Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og VR*“. Tilefni þess er að nú hafa s.k. Þúsaldarmarkmið S.þ. vikið fyrir Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Þessi markmið eru fleiri en eldri markmið og taka á vandamálum sem eiga sér stað um heim allan, í hátekjulöndum sem og í lág- og millitekjulöndum. Þessum markmiðum og undirmarkmiðum ber ríkjum að ná fyrir árið 2030.

Af þessu tilefni þótti okkur forvitnilegt að sjá hvernig VR stendur gagnvart þessum markmiðum, hvar VR hefur lagt hönd á plóginn og hvar eru tækifæri til meiri aðkomu. Mörg fyrirtæki og stofnanir hafa tekið upp og stillt sig af við hluta þessara markmiða. Starfsemi VR er þess eðlis að hægt var að finna einhvern samnefnara og aðkomu VR að flestum markmiðunum en þó ekki öllum. Þetta er lagt fram til kynningar og umhugsunar t.d. fyrir nefndir félagsins. Kannski gæti VR tekið sértaklega upp nokkur markmið eða jafnvel þau öll?

Umræður.

Hér óskaði Ragnar Þór eftir því að fá að lengja fundinn til kl. 20:45.
Samþykkt.

Fundi slitið kl. 20:33
Árni Leósson, fundarritari